

**Sunnufell.** Bjarkarbraut 1. 1950  
(Landnúmer: 151406 Fastanúmer: 2261382)  
(Landnúmer: 151406 Fastanúmer: 2154684)

*Fundargerð 14. sept. 1948:*

Bréf frá Jónasi Hallgrímssyni Steðja þar sem hann óskar eftir leyfi til að byggja íbúðarhús á lóðinni nr. 1 við Bjarkarbraut. Teikningar fylgja, dagsett 3. sept. 1948. Samþykkt að leyfa bygginguna en gerir eftirtaldar athugasemdir við uppdráttinn.



*(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).*

Eigandi húss Jónas Hallgrímsson. Útveggir steinsteyptir, járnklætt valmaþak. Öll gólf, loft, skilveggir og stigar úr steinsteypu. Fyrsta hæð skipt í 9 hólf og forstofu með uppgöngu á aðra hæð. Önnur hæð skipt í 10 hólf og forstofu. Stærð: 12,0 x 6,5 x 5,8 / 10,6 x 2,2 x 5,8 / 7,7 x 1,8 x 5,8 m = 230,4 m<sup>2</sup>. og 668 m<sup>3</sup>.

Bílskúr byggður 1972 úr holsteini með pappklæddu skúrþaki, gólf úr steinsteypu og loft úr timbri. Stærð: 8,5 x 5,5 x 2,6 m = 46,8 m<sup>2</sup> og 121,5 m<sup>3</sup>.

*Stutt saga húss:*

Jónas Hallgrímsson frá Melum byggði húsið á árunum 1948-50. Hann hafði áður byggt húsið Steðja við Karlsrauðatorg þar sem hann bjó og rak þar bílaverkstæði. Sunnufell er funkishús, teiknar af Mikael Jóhannessyni en uppáskrið af Snorri Guðmundsson byggingafulltrúi. Útveggir steinsteyptir, járnklætt valmaþak. Öll gólf, loft, skilveggir og stigar úr steinsteypu. Fyrstu hæð skipt í 9 hólf og forstofu með uppgöngu á aðra hæð. Önnur hæð skipt í 10 hólf og forstofu. Jónas og kona hans Hrefna Júlíusdóttir bjuggu í Sunnufelli allan sinn búskap eftir það. Þau bjuggu á efri hæðinni en leigðu neðri hæðina út og eru æði margir sem hafa haft þar búsetu í lengri eða skemmri tíma. Eftir að Jónas dó 1991 selja afkomendurnir húsið og Ingólfur Jónasson og Guðrún Ingvadóttir kaupa það og eiga til 1999 þegar þau selja Sigvalda Gunnlaugssyni og Önnu Berglindi Sveinbjörnsdóttur Sunnufell. Árið 2002 er húsinu skipt í tvær eignir og móður Sigvalda, Sigríði M. Jónsdóttur kaupir neðrihæðina. Anna Berglind seldi Sigvalda sinn hlut í efri hæðinni 2007.



*Athugasemd um húsið:*

Strax í upphafi voru gerðar talsverðar breytingar á upphaflegum teikningum. Meðan Jónas átti húsið voru gluggar endurnýjaðir og þeim breytt. Aftur árið 2002 eftir að Sigvaldi eignaðist húsið voru gluggar endurnýjaðir og þeim breytt í það horf sem þeir eru nú. Við það sama tækifæri var settur svalaútgangur út úr stofunni á neðri hæð. Þar hafði verið gluggi áður og var sagað niður úr honum fyrir garðhurðinni. Ennfremur lét Sigvaldi fara í þakið á húsinu árið 2010, og einangra það með steinull. Skipt var um neðri hluta þakjárn og það látið ganga út yfir steypu þakrennurnar sem fyrir voru og nýjar þakrennur settar framan á þakantinn sem einnig var klæddur með timbri. Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess.



*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar 750 í eigu Dalvíkurbyggðar. Bílskúr var byggður norðan við íbúðarhúsið árið 1972 úr holsteini með pappaklæddu skúrþaki, gólf úr steinsteypu og loft úr timbri. Píla-girðing úr timbri er í kringum garðinn. Í garðinum eru nokkur gömul reynitré. Hellulögð stétt er frá götu að útitröppum við aðalinngang á aðra hæð. Sömuleiðis er hellulögð stétt frá götu vestan húss að inngangi á neðrihæð.



<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur, íbúar</b>	<b>Börn</b>
1950-1991	<b>Jónas Hallgrímsson</b> <b>Hrefna Júlíusdóttir</b>	Nanna (1939) Halla (1943) Júlíus Óskar (1952)
1991-1993	<b>Nanna Jónasdóttir</b> <b>Halla Jónasdóttir</b> <b>Júlíus Óskar Jónasson</b>	
1993-1999	<b>Ingólfur Jónasson</b> <b>Guðrún Ingvadóttir</b>	
1999 1999-2007	<b>Sigvaldi Gunnlaugsson</b> <b>Anna Berglind Sveinbjörnsdóttir</b>	
2006?	Elías Björnsson Gunnhildur Ottósdóttir	Ottó (1988) Unnar Björn (1998)
2008?	Ingvar Þór Óskarsson Hildur Magnúsdóttir	Alexandra Líf (2005) Guðmundur Árni (2007)
2012?	Valur Smári Þórðarson Emilía Birna Harðardóttir	Alexander Reynir (2005) Lena Marín (2010)
Neðri hæð 1953?-1959	Halldór Jóhannesson Steinunn Daníelsdóttir	Anna María (1951)
1959-1961	Júlíus Óskar Jónasson	
1959-1962	Reinald Jónsson Sesselja Guðmundsdóttir	Sigríður Ósk (1959)
1959-1964	Anton Jón I Angantýsson Halla Jónasdóttir	Jónas Björgvin (1959) Egill (1962)
1964- 1966	Bragi Jóhann Jónsson Ragnhildur Jónsdóttir	Ingunn (1963) Jón Björn (1965)

1966-1969	Hjálmar Randversson Grjeta Friðleifsdóttir	Kristín Rósa (1965) Ingibjörg A (1966)
1970-1972	Anton Jón I Angantýsson Halla Soffía Jónasdóttir	Jónas Björgvin (1959) Egill (1962)
1972-1974	Júlíus Óskar Jónasson Ólöf Sigríður Arngrímsdóttir	
1973-1974	Jóhann Ólafsson Unnur María Hjálmarsdóttir	(1973)
1974-1975	Sigurgeir Angantýsson Dóra Þorsteinsdóttir	Halldóra V (1965)
1975-1977	Júlíus Óskar Jónasson Regína Þorvaldsdóttir	Ellert Þór (1974) Hrefna Björg (1974)
1977-1981	Guðrún Rósa Arngrímsdóttir	
1979-1981	Júlíus Óskar Jónasson	
1979-1989	Kristín Ásgeirsdóttir	
1999	<b>Sigríður M. Jónasdóttir</b>	
2008-2009	Jón Emil Ágústsson	
2008?	Óli Jón Ólason Berglind Freyja Búadóttir	Mikael Smári (2003) Stulka (2008)

### **Bjarkarbraut 3. 1947-1949**

(Landnúmer: 151407 Fastanúmer: 2154688) Dóra Rut Kristinsdóttir

(Landnúmer: 151407 Fastanúmer: 2154687) Guðmundur Þór Sigurðsson

#### *Fundargerð 1. ágúst 1947:*

Lögð fram umsókn frá Árna Arngrímssyni um leyfi til að byggja íbúðarhús á Sognstúni. Umsókninni fylgdi uppdráttur og lýsing af húsinu. Byggingarnefnd samþykkir að veita leyfið og hefur ekki athugasemd við teikn.



#### *(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)*

Eigandi, Jónína Kristjánsdóttir. Útveggir úr tvöfaldri steinsteypu með reiðing tróði. Með járnlæddu valmaþaki. Öll loft, gólf, stigar og skilveggir úr steinsteypu nema efsta loft. Fyrsta hæð skipt í 8 hólf með uppgöngu á 2. hæð. Önnur hæð skipt í 9 hólf.

Stærð: 12,60 x 6,00 x 5,70 og 8,80 x 4,00 x 5,70. Alls: 225 m<sup>2</sup> og 631,6 m<sup>3</sup>

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1992).

Eigandi 1. hæðar og kjallara Guðríður Valva Gísladóttir og Sigurður Lúðvíksson

#### *Stutt saga húss:*

Árni Arngrímsson og Bára Elíasdóttir byggðu húsið og bjuggu þar frá 1949 – 1959, þá seldu þau Aðalsteini Loftsyni það og fluttu sjálf í nýtt hús sem þau höfðu byggt sér að Goðabraut 3, þar sem Bára hóf verslunarrekstur og kallaði Verslunina Sogn. Bjarkarbraut 3 er eins og önnur hús í þessari húsaröð í fúnkis-stíl. Útveggir úr tvöfaldri steinsteypu með reiðing tróði. Með járnlæddu valmaþaki. Öll loft, gólf, stigar og skilveggir úr steinsteypu nema efsta loft. Fyrsta hæð skipt í 8 hólf með uppgöngu á 2. hæð. Önnur hæð skipt í 9 hólf. Aðalsteinn og kona hans Jónína Kristjánsdóttir áttu húsið



og bjuggu á efrihæð þess til 1977 þegar þau fluttu til Reykjavíkur. Þorsteinn sonur þeirra erfir húsið eftir þeirra dag og átti það til 1989. Árið 1994 eignast Ingólfur Arnar Kristjánsson neðri hæð hússins og á hana til 2004 þegar hann seldi Hólmfríði A Ingólfssdóttur sem á hæðina til 2007. Þá eignast þau Sigtryggur Sigtryggsson og Alda Guðmundsdóttir hæðina en selja hana núverandi eiganda, Guðmundi Þór Sigurðssyni árið 2011. Efri hæðina eignast Guðrún Snorradóttir 1994 og seldi það sama ár Grímlaugi Björnsyni og Huldu Herdísí Kristjánsdóttur. Þau áttu hæðina til 2004 þegar þau selja hana núverandi eiganda, Dóru Rut Kristjánsdóttur.

#### *Athugasemd um húsið:*

Húsinu hefur verið vel við haldið og engar útlitsbreytingar verið gerðar á því nema að búið er að fara í glugga og þeim breitt lítillaga. Áður var gluggum skipt með tveimur standandi póstum í tvö mjó hólf til hliðanna og einu stærra í miðju, og því hólfu skipt með liggjandi pósti að ofan í tvö hólf og lausi fagi í efra hólfu. Nú er búið að fjarlægja þennan liggjandi pósti og setja eina stóra rúðu í það hólf og útbúa laust fag í annað hliðarhólfu. Búið er að skipta um útihurðir. Þakjárn hefur verið framlengt út fyrir steypu þakrennurnar og verið settan nýjar rennur framan á þakkantinn. Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess.

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar er 712,9 m<sup>2</sup> í eigu Dalvíkurbyggðar. Timburgirðing er í kringum lóðina með plasthúðuðu neti. Malar bílastæði er inn á lóðinni. Hellulögð stétt er frá götu að útitröppur á aðra hæð. Steypt stétt og tvö þrep eru að inngangi á neðri hæð. Garðurinn er undirlagður af hávöxnum reynitjám.

<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur, íbúar</b>	<b>Börn</b>
Efri hæð 1949-1959	<b>Árni Arngrímsson</b> <b>Bára Elíasdóttir</b>	Jórunn (1944) Vignir (1947) Þorsteinn M (1949) Elías Björn (1955)
1958-1977	<b>Aðalsteinn Loftsson</b> <b>Jónína R. Kristjánsdóttir</b>	Elsa (1948) Þorsteinn Már (1952)
1977- 1989	<b>Þorsteinn Már Baldvinsson</b>	
1977-1982	Eggert E Bollason Bára Arthúrsdóttir	Bolli Kjartan (1971) Arthúr Már (1975) Brynjar Þór (1979)
1982-1983	Þorsteinn J Haraldsson Jónína Amalía Júlíusdóttir	Júlíus Gunnar Barkarson (1980) Guðríður A Þorsteinsd. (1982)
1987-199?	Helga Matthíasdóttir	Heiðar Helguson (1977) Loreley Sigurjónsdóttir (1980)
1994-1994	<b>Guðrún Snorradóttir</b>	
1994-2004	<b>Grímlaugur Björnsson</b> <b>Hulda Herdís Kristjánsdóttir</b>	
2004	<b>Dóra Rut Kristjánsdóttir</b>	
2006	Andri Sigurjónsson	
Neðri hæð 1949-1958	Björn Elíasson	
1953?-1954	Anton Antonsson Freyja Antonsdóttir	
1953?-1960	Gunnar Kristinsson Ingibjörg Arngrímsdóttir	Gígja (1953) Úlfar (1956)
1960-1965	Gunnar Ingvi Tómasson Guðlaug Þorbergsdóttir	Kristján Már (1959) Tómas (1960) Anna Guðríður (1962)

1966-1969	Brynjar Friðleifsson Svandís Ingjaldsdóttir	Friðleifur Ingi (1963) Sigríður (1966) Bryndís (1968)
1969-1971	Gunnar Jónsson Sigríður B Rögnvaldsdóttir	Sigrún (1968)
1971-1977	Þorsteinn Már Aðalsteinsson Sigríður S Rögnvaldsdóttir	Aðalsteinn M (1970) Friðrik Már (1971) Guðný Jóna (1975)
1987-1988	Ingólfur Snorri Bjarnarson Helena Sjöfn Steindórsdóttir	Elín Anna Konráðsdóttir (1984)
1988-1991	Steinþór Steingrímsson Hulda Steinunn Arnsteinsdóttir	Hafdís Heiðarsdóttir (1977) Hjalti Steinþórsson (1984)
1994-2004	<b>Ingólfur Arnar Kristjánsson</b>	
2004-2007	<b>Hólmfríður A Ingvarsdóttir</b>	
2007-2010 -2011	<b>Sigtryggur Sigtryggsson</b> <b>Alda Guðmundsdóttir</b>	
2011	<b>Guðmundur Þór Sigurðsson</b>	
2006?	Maja Magdalena Malyska Patrycja Maria Opozda Siawomir Ireneusz Skowron Zbigniew Kolodziejczyk	

### **Bjarkarbraut 5. 1953.**

(Landnúmer: 151408 Fastanúmer: 2154689 ) 70,7m<sup>2</sup> Keilir fjárfestingafélag ehf.  
(Landnúmer: 151408 Fastanúmer: 2154690 ) 98,6m<sup>2</sup> Þura Sigríður Garðarsdóttir  
(Landnúmer: 151408 Fastanúmer: 2154691 ) 105,3m<sup>2</sup> Keilir fjárfestingafélag ehf.

#### *Fundargerð 1. júlí 1947:*

Byggingarfulltrúi lagði fram bréf frá Páli Friðfinnssyni Dalvík ásamt teikningu af íbúðarhúsi sem hann óskar að byggja á lóð á Sognstúni.

Samþ. Með eftirtöldum athugasemdum:

1. Húsið verði með valmaþaki
2. Hurð á eldhúsi opnast ekki að eldavél.

*(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).*

Eigandi Kristín Pálsdóttir. Útveggir steinsteypdir en efsta hæð, sem er byggð ofan á húsið, er úr timbri. Þakið er pappklætt skúrþak. Gólf og skilveggir í húsinu úr steinsteypu en á efstu hæð úr timbri. Fyrstu hæð skipt í 8 hólf. Stærð: 8,9 x 9,8 x 2,95 / 2,1 x 5,85 x 2,95 / 1,55 x 2,1 x 2,95 = 88,8 m<sup>2</sup> og 261,8 m<sup>3</sup>.



#### *Stutt saga húss:*

Það var í júlí 1947 sem Páll Friðfinnsson sótti um að byggja íbúðarhús á lóð á Sognstúni. Hann fær leifi með þeirri athugasemd að húsið verði með valmaþaki. Húsið sem stendur við Bjarkarbraut nr. 5 var nokkuð lengi í byggingu því það er ekki flutt í það fyrr en árið 1952. Húsið er funkishús eins og önnur í götulínunni. Útveggir steinsteypdir, gólf og skilveggir í húsinu úr steinsteypu. Fyrstu hæð skipt í 8 hólf. Páll fellur frá 1957 en dóttir hans Kristín eignaðist neðri hæðina eftir föður sinn. Kristín bjó alla sína tíð þar, þangað til hún flutti á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík og seldi Keili fjárfestingafélagi ehf hæðina 2012. Stefán A. Bjarnar rithöfundur og þjóandi átti efri hæð hússins frá upphafi til 1957 þegar hann og kona hans Þóra Eiðsdóttir flutti til Reykjavíkur og selja Gunnari Pálssyni og konu hans Jónínu Egilsdóttur hæðina. Þau fá Jón Geir Ágústsson til að teikna eina hæð ofan á húsið og er sú teikning dagsett 15/11. 1958. Þau seldu Gunnar Jónssyni rútubílstjóra frá Hæringstöðum og Emmu konu hans. Gunnar fær leyfi til að byggja eftir fyrrnefndri teikningu ofan á húsið. Gunnar seldi Lórey Gestsdóttur miðhæðina árið 1972. en flutti sjálfur á þriðju hæðina og bjó þar til 1979 þegar hann seldi Birni Sigurðssyni og Arnfríði Agnarsdóttur efstu hæðina. Lóreyey átti miðhæðina til 1998 og síðan þá hafa margir átt hana. Núverandi eigandi er Þura Sigríður Garðarsdóttir. Núverandi eigandi efstuhæðar er sá sami og neðstuhæðar, Keilir fjárfestingafélag ehf.



#### *Athugasemd um húsið:*

Hið upphaflega hús, þ.e.a.s. fyrsta og önnur hæð hafa haldið útliti sínu og eru upphaflegir gluggar í því. Árið 1972 fær Gunnar Jónsson leyfi til að byggja ofan á húsið eina hæð í viðbót úr timbri, skilveggir úr timbri. Þakið er pappklætt skúrþak. Upphaflega voru útitröppur en þær voru yfirbyggðar og gert stigahús upp á þriðju hæð þar. Útveggir hæðarinnar halla allir svo húsið mjókkar upp. Gamli þakkanturinn var látin halda sér svo hann myndar kraga á húsinu.



Húsið stingur í stúf innan um fallega húsaröð af tveggja hæða funkis-húsum. Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess. Gerð efstu hæðarinnar stingur illilega í stúf við húsagerðina.

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar er 750,0 m<sup>2</sup>. Í eigu Dalvíkurbyggðar. Malar bílastæði er framan við húsið. Engin girðing er fram við götu en skjólgirði. Hellulögð stétt er frá götu að inngandi á fyrstu hæð og steypt stétt áfram að útitröppum upp í stigahús. Hávaxin reyni og aspartré eru í garðinum.

<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur, íbúar</b>	<b>Börn</b>
1953-1957	<b>Páll Friðfinnsson</b>	Kristín (1929)
1957-2012	<b>Kristín G. Pálsdóttir</b>	
2012	<b>Keilir fjárfestingafélag ehf</b>	
Önnur hæð 1953-1957	<b>Stefán A. Bjarman</b> Póra Eiðsdóttir	
1957-1959	Sigríður Friðfinnsdóttir	
1957-1966	<b>Gunnar Pálsson</b> Jónína Guðrún Egilsdóttir	Hrafnhildur (1933) Kristín (1942) Ragnheiður(1958)
1964-1973	Sigríður Friðfinnsdóttir	
1965-1967	Júlíus Jón Daníelsson Þuríður Árnadóttir	Árni Daníel (1959) Anna Guðrún (1961)
1966-1967	Kristín Gunnarsdóttir	
1967-1970	Matthías Ásgeirsson Sólveig Sigurðardóttir	Sigurður (1961) Ásgeir Páll (1969)
1967-1968	Sigríður B Rögnvaldsdóttir	
1968-1969	Sigurður Sigfússon	
1972-1974	<b>Gunnar Jónsson</b> <b>Emma Stefánsdóttir</b>	Jón Kristinn (1956) Ásdís (1962) Stefán Svanur (1968) Kristín Björk (1975)
1974-1998	<b>Loreley Gestsdóttir</b> Stefán Steinsson	Þórir Matthíasson (1963) Matthildur Matthíasdóttir (1965)
1998-2000	<b>Sigurjón Sigurjónsson</b>	



2000-2003	<b>Valdimar Þór Hrafnkelsson</b> <b>Monica Elisa Cueva Martinez</b>	
2003-2005	<b>Íbúðalánasjóður</b>	
2005-2008 -2007	<b>Stefán Hjalti Garðarsson</b> <b>Ann Emelie Nordenberg</b>	
2008	<b>Þóra Sigríður Garðarsdóttir</b>	
Þriðja hæð 1972-1979	<b>Gunnar Jónsson</b> <b>Emma Stefánsdóttir</b>	Jón Kristinn (1956) Ásdís (1962) Stefán Svanur (1968) Kristín Björk (1975)
1974-1975	Jón Kristinn Gunnarsson Elfa Heiðrún Matthíasdóttir	Daði Njörður (1973)
1980-1981	Sigfús Eiríksson Jóhanna Stefánsdóttir	Eiríkur Svanur (1967) Guðrún Erla (1973) Þröstur Freyr (1976)
1982-1989	Björn Sigurðson Arnfríður Anna Agnarsdóttir	Agnes Björk (1981) Örvar Ingi (1983)
2006?- 2006?	Ólafur Georgsson Sigurjóna Hauksdóttir	
2006?	Rodulfo Abellar Heiðrún Bebeth Abellar	Hendrich Rúdólf Abellar (2006)
-1995	<b>Sæmundur Hrafn Andersen</b>	
1995-2005	<b>Páll Stefánsson</b> <b>Sigurlína Sigurgeirsdóttir</b>	
2005-2012	<b>LMS ehf</b>	
2006?	Elizabeth Remedio Rico	Sharkie Mhay (1997) Kentwald Genesis (2000)
2012	<b>Keilir fjárfestingafélag ehf</b>	

## Arnarhóll 1929

(saga Dalvíkur III bindi, bl. 289 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936))

(l: 8,2 – b: 6,8 – h: 5,7). Steinhús, ein hæð, port og ris með kvisti. Hæðin fjögur herbergi. Rishæð fjögur herbergi og tveir geymsluklefar. Fimm herbergi alls máluð og veggfóðruð. Miðstöðvarofnar frá eldavél. Steinolíuljós (1933).



(Fasteignarmat 1931)

Lóð 60 m<sup>2</sup> ógirt leigulóð. Hús 8,13 x 6,88 m.

Vegghæð frá grunni 3,2 m. Rishæð 2,3 m. 1 kvistur, ekki kjallari. Hús af steinsteypu útveggir tvöfaldir. Þak af timbri járnvarið. Gólf, loft og skilrúm af timbri. 1 steypdur reykháfur.

Byggt 1929, ekki fullgert. Eigandi Jón Jónsson, húsmaður Dalvík

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)

Portbyggt steinhús á grunni. Piljað innan. Miklar skemmdir á húsinu. Óíbúðarhæft. Þarf að klæða suðurstaft. Íbúar 6. húsráðendur, Jón Jónsson og Þuríður Sigfúsdóttir.

Gjörðabók byggingarnefndar. F. 19. jún. 1954:

Bréf frá Jóhanni B. Jónssyni, Arnarholi þar sem hann sækir um endurbætur á þvottahúsi í viðbyggingu vestan við íbúðarhúsið Bjarkarbraut 6 (Arnarhóll). Samþykkt var að veita þetta samkvæmt meðfylgjandi teikningu.



Stutt saga húss

Arnarhóll er byggður í nýbarrok stíl árið 1929 af þeim feðgum Jóni Jónssyni og Jóhanni Jónssyni.

Þegar húsið var byggt báru þeir bræður Jóhann og Guðmundur synir Jóns mölina á bakinu neðan úr fjöru og heim að. Húsið er steinhús, ein hæð, port og ris með kvisti. Hæðin fjögur herbergi. Rishæð fjögur herbergi og tveir geymsluklefar. Fimm herbergi alls máluð og veggfóðruð. Húsið fór illa í jarðskjálftanum 1934, suðurstaft hússins rifnaði frá og féll út í garð, en húsið var byggt upp aftur. Milli 1940-50 var byggt skúr eða bakdyrainngangur við húsið, sem var einnig notaður sem smíðastofa. Jóhann Björgvin, sonur Jóns, og kona hans Friðrika Óskarsdóttir tóku við húsförráður af föður Jóhanns um 1950 og bjuggu í Arnarhóli allan sinn búskap á meðan Jóhann lifði og Friðrika eftir hans dag til 2007 og frá 1990 í sambúð við dóttur sína og tengdason. Núverandi eigendur Arnarhóls eru Valgerður María, dóttir Jóhanns og Friðriku og maður hennar Guðmundur Hansson, þannig að húsið hefur verið í eigu sömu fjölskildu alla tíð.

Athugasemd við hús

Húsið stendur nokkuð hátt á lóðinni og er áberandi. Eftir gluggabreytingu missti húsið nokkuð karakter. Húsið stóð óbreytt en vel viðhaldið til 1988 en þá



var það einangrað að utan í grind, pappi settur á og klætt með steindum krossvið. Steyptar þakburstir með barrok tilbrigðum var klætt með sléttum krossvið, en lagið fékk að halda sér. Skipt var um glugga. Í stað póstalausra glugga með ellefu rúða römmum, var settur einn þverpóstur með einni rúðu og lausu fagi ofan við. Skrautbogar ofan við glugga úr krossvið voru settir eins og höfðu verið. Árið 1994 var byggt bakhús við gamla húsið sem var innréttað sem íbúð fyrst í stað, með tengibyggingu við gamla húsið. Við það tækifæri var bakdyrainngangurinn rifinn. Nú er þetta bakhýsi notað sem stofa fyrir gamla húsið. Arnarhól hefur sama fjölskylda átt og búið alla tíð.

#### *Athugasemd við umhverfi húss*

Stór garður er umhverfis húsið með trjám og runnum. Steyptur veggur á lóðarmörkum norðan og austan húss með steypu skrautgrindverki. Steypt stétt frá útidyrum að götu og sólpallur sunnan húss, afskermaður með timur skjólvegg.

<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<i>Tímabil</i>	<i>Eigendur / íbúar</i>	<i>Börn</i>
1929-1963	Jón Jónsson, húsmaður (1872-1963) Þuríður Kristín Sigfúsdóttir (1874-1914)	Sigurður Tryggvi (1900) Arngrímur (1910 drukknaði 1933) Jóhann Björgvin (1914)
1948-1988 -2007	Jóhann Björgvin Jónsson (1914-1988) Friðrikka Elísabet Óskarsdóttir (1925)	Valgerður María (1964)
2007 og enn	Guðmundur Freyr Hansson (1962) Valgerður M Jóhannsdóttir	Sandra Dögg (1986) Hans Friðrik H (1991) Jónína Björg (1995) Magnea Helga (1999)

## **Bjarkarbraut 7. 1951.** (Hús Aðalsteins Loftssonar)

(Landnúmer: 151410 Fastanúmer: 2154695) Bergljót Loftsdóttir

(Landnúmer: 151410 Fastanúmer: 2154696) Hildur Björk Loftsdóttir

### *Fundargerð 7. júní 1949.*

Lögð fram beiðni frá Aðalsteini Loftsyni um leyfi til að byggja íbúðarhús á lóðinni Bjarkarbraut 7. Uppdráttur að byggingunni fylgdi en var þó ekki í því lagi sem áskilið er. Byggingarnefnd féllst á bygginguna í aðalatriðum og eftir því sem uppdrátturinn gaf upplýsingar um.



### *(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).*

Eigandi neðri hæðar Bergljót Loftsdóttir, efri hæðar Guðjón Loftsson. Útveggir úr steinsteypu, valmaþak járnklætt. Öll gólf, loft stigar og skilveggir úr steinsteypu.

Fyrsta hæð skipt í 8 hólf, forstofu og gang með uppgöngu á efri hæð. Stærð: 13,50 x 9,50 x 2,90 og 5,20 x 2,00 x 2,90. alls 110,8 m<sup>2</sup>. og 321,3 m<sup>3</sup>.

Efri hæð skipt í 8 hólf, gang og tvö stigahús. Stærð: 13,50 x 9,50 x 2,90 og 5,20 x 2,00 x 2,90. alls 110,8 m<sup>2</sup>. og 321,3 m<sup>3</sup>. alls 166,2 m<sup>2</sup>. og 481,9 m<sup>3</sup>.

Bílskúr byggður 1958 úr timbri klæddur með asbesti með járnklæddu valmaþaki. Stærð: 5,6 x 4,9 x 2,5 m. =27,4 m<sup>2</sup>. og 68,6 m<sup>3</sup>.

### *Stutt saga húss:*

Á fundi bygginganefndar í júní 1947 er lögð fram beiðni um leyfi til að byggja íbúðarhús á lóðinni Bjarkarbraut 7. Húsið er teiknað af Helga Þórðar og dagsett 19/8. 1949. Það voru þau Hjónin Sigvaldi Stefánsson og Bergljót Loftsdóttir sem byggðu og áttu neðri hæð hússins. Sigvaldi druknaði í skipsskaða þegar fárviðri gekk yfir landið 9. apríl 1963. Bergljót á neðri hæðina enn. Systkini Bergljótar frá Bögguvistöðum þau Aðalsteinn, Guðjón, Björgúlfur og Hildur Loftsbörn bjuggu á efri hæðinni, Aðalsteinn var skráður eigandi af henni þangað til hann keypti Bjarkarbraut 3 árið 1958 og selur Guðjóni bróður sínum hæðina. Núverandi eigandi er Hildur Loftsdóttir.



### *Athugasemd um húsið:*

Þetta hús eins og önnur í þessari húsaröð er fúnkis-hús.

Því hefur verið haldið vel við en engu verið breytt í útliti,

jafnvel eru steypu þakrennurnar enn í fullri notkun og gluggasetning eins og í upphafi. Bílskúr var byggður 1958 norðan og vestan við húsið, úr timbri, klæddur með asbesti með járnklæddu valmaþaki. Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess.

### *Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar er 750,0 m<sup>2</sup>. í eigu Dalvíkurbyggðar. Malar bílaplan er vestan við húsið og að bílskúr. Hellulögð stétt er frá götu að útidyrum. Engar útitröppur en þess í stað eru svalir sunnan á húsinu. Blómlegur garður með beðum og skjólgirði. Hávaxin grenitré eru sunnan og austan húss.

## Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1951-dó 1963	<b>Sigvaldi Stefánsson</b> <b>Bergljót Loftsdóttir</b>	Loftur (1951) Helga Björk (1954) Sveinn Haukur (1958)
1954-1979	Helga Björk Sigvaldadóttir	
1958-199?	Sveinn Haukur Sigvaldason	
Efri hæð 1951-1984	Guðrún Friðfinnsdóttir	Guðjón Loftsdóttir (1914) Aðalsteinn (1915) Björgúlfur (1916) Hildur (1926)
1957-1958	Aðalsteinn Loftsson	Elsa (1948)
1951- 1951-1985 1951-	<b>Guðjón Loftsson</b> Björgúlfur Loftson <b>Hildur Loftsdóttir</b>	

**Bjarkarbraut 9. 1949 Birkihlíð.** (Landnúmer: 151411 Fastanúmer: 2154698 og 2154699).

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).

Eigandi Ásgeir P. Sigurjónsson. Útveggir úr steinsteypu, efsta plata ekki steipt. Járnlætt valmaþak. Gólf, stigar og skilveggir úr steinsteypu. Neðri hæð skipt í 8 hólf auk uppgöngu á aðra hæð. Önnur hæð skipt í 8 hólf. Stærð: 10,30 x 5,30 x 5,80 og 8,20 x 4,00 x 5,80. Alls 174,8 m<sup>2</sup>. og 506,8 m<sup>3</sup>. árið 1968 er byggt við húsið útbygging úr steinsteypu með járnlæddu skúrþaki. Gólf, loft, stigar og skilveggir úr steinsteypu. Kjallari eitt hólf 20 m<sup>3</sup>. fyrsta hæð skipt í 4 hólf. Stærð: 12,0 x 4,7 x 3,3 m =66,4 m<sup>2</sup>. og 206,1 m<sup>3</sup>.

Garðhús byggt 1970 úr timbri klætt spónaplötum, gólf úr steinsteypu, og pappklætt valmaþak. Skipt í tvö hólf. Stærð 5,00 x 3,00 x 2,35. alls 15 m<sup>2</sup>. og 35,2 m<sup>3</sup>.



*Stutt saga húss:*

Húsið lét Ásgeir Sigurjónsson byggja 1948 til 49. Þetta hús eins og önnur í þessari húsaröð er fúnkis-hús og eru teikningar undirskrifaðar veð stöfunum S.G. Útveggir úr steinsteypu, efsta plata ekki steipt. Járnlætt valmaþak. Gólf, stigar og skilveggir úr steinsteypu. Neðri hæð skipt í 8 hólf auk uppgöngu á aðra hæð. Önnur hæð skipt í 8 hólf. Ásgeir og kona hans Þórgunnur Loftsdóttir bjuggu á efri hæð hússins allan sinn búskap og er Þórgunnur skráður eigandi af því eftir fráfall Ásgeirs. Árið 1998 eignast Ingibjörg dóttir þeirra Ásgeirs og Þórgunnar og maður hennar Stefán Jónsson húsið, en þau höfðu búið á neðri hæð hússins allan sinn búskap. Þau flytja til Reykjavíkur árið 2009 og selja þá núverandi eigendum, þeim Oliver Edvardssyni og Sigrúnu Björk Sigurðardóttur húsið.

*Athugasemd um húsið:*

Húsið hefur haldið útliti sínu frá upphafi, jafnvel eru steiptu þakrennurnar enn í fullri notkun. Garðhús var byggt 1970 við norð-austurhorn hússins, úr timbri klætt spónaplötum, gólf úr steinsteypu, og pappklætt valmaþak. Skipt í tvö hólf. Teikningar af garðhýsinu eru undirritaðar af Frímanni Sigurðssyni, Dalvík og eru dagsettar 24/5. 1967.

Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess.



*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar er 750,0 m<sup>2</sup>. í eigu Dalvíkurbyggðar. Steipt girðing er á lóðarmörkum við götu. Hellulögð stétt er frá götu að útitröppum á efri hæð og að inngangi á neðri hæð sem er undir stigapalli útitrappa. Einnig er hellulögð stétt frá götu að forskyggni við bakdyrainngangi vestan við hús. Grösugur blómagarður með beðum og trjám, bæði reyni og lerki. Í garðinum stendur garðhýsi á steiptum grunni með 40 cm. háum veggjum og timburgrind það ofaná. Húsið teiknaði Hallgrímur Antonsson og teikningin dagsett 1/5. 1958

## Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1949-1988? -1998	<b>Ásgeir Sigjónsson</b> <b>Þórgunnur Loftsdóttir</b>	Ingibjörg (1938) Pétur (1944)
1949-1954	Gísli Felixsson Erla Einarsdóttir	Einar ? (1952) ? (1953)
1956-1957	Óskar Kató Valtýsson Soffía Guðmundsdóttir	Guðmundur Heiðar (1955)
1958-2009	<b>Stefán Jónsson</b> <b>Ingibjörg Ásgeirsdóttir</b>	Ásgeir Guðjón (1958) Stefán Örn (1960) Friðfinnur O (1969) Hákon (1972)
2009	<b>Oliver Edvardsson</b> <b>Sigrún Björk Sigurðardóttir</b>	

**Bjarkarbraut 11. 1941 Sunnuhlíð.** (Landnúmer: 151412 Fastanúmer: 2154701).

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).

Eigandi Kristján Ólafsson. Neðri hæð úr steinsteypu, efri hæð úr steini. Járnlætt valmaþak, mesta hæð 1,5 m. Efsta loft úr timbri annað úr steinsteypu. Neðri hæð skipt í 11 hólf auk uppgöngu á efri hæð. Efri hæð skipt í 9 hólf. Stærð: 10,30 x 8,50 x 5,80 og 6,60 x 1,50 x 5,80. Alls 194,9 m<sup>2</sup>. og 565,2 m<sup>3</sup>.



*Stutt saga húss:*

Húsið byggði Frímann Sigurðsson árið 1941 og bjó þar ásamt konu sinni Árnýu Þorleifsdóttur allan sinn búskap á Dalvík. Húsið er fúnkis-hús og er teiknað af Halldóri Halldórssyni. Neðri hæð úr steinsteypu, efri hæð úr steini. Járnlætt valmaþak, mesta hæð 1,5 m. Efsta loft úr timbri annað úr steinsteypu. Neðri hæð skipt í 11 hólf auk uppgöngu á efri hæð. Efri hæð skipt í 9 hólf. Útveggir einangraðir með reiðing og heyi upp á efri plötu. Núverandi eigandi, Kristján Ólafsson, keypti húsið 1980 þegar Frímann og Árný fluttu til Reykjavíkur.

*Athugasemd um húsið:*

Húsið er vel byggt og vel við haldið, engar breytingar hafa verið gerðar á því og glerið jafnvel upphaflegt. Skipt var um útihurð fyrir nokkrum árum en nýja hurðin er alveg eins og sú gamla. Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess.

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar 750,0 m<sup>2</sup>. í eigu Dalvíkurbyggðar. Malar bílaplan er vestan við húsið. Hellulögð stétt frá götu að útitröppum á efri hæð og áfram norður með húsinu að inngangi á neðri hæð. Grösugur blómagarður með beðum og trjám, bæði reyni og greni.

<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur, íbúar</b>	<b>Börn</b>
1941-1980	<b>Frímann Sigurðsson</b> <b>Árný Þorleifsdóttir</b>	Haukur (1935) Bjarni Hólm (1939)
1953?-1954	Þorbjörg Sigurðardóttir	
1953?-1964	Vilhelm Þórarinsson	
1954-1959	Tómas Pétursson Sigríður M. Hermannsdóttir	Jóhanna Dagbjört (1954)
1958-1962	Helgi Jónsson	
1981	<b>Kristján Ólafsson</b> Valgerður Guðmundsdóttir	Guðmundur J (1966) Sigríður (1962) Tryggvi (1970)



**Bjarkarbraut 13. 1948** (Landnúmer: 151413. Fastanúmer: 2154702) bílskúr 1948.

*Fundargerð 22. maí 1948:*

Bréf frá stjórn Byggingarfélags verkamanna þar sem félagið sækir um byggingarleyfi fyrir 4 einbýlishús á lóðunum nr. 13 og 15 við Bjarkarbraut, nr. 8 við Goðabraut og nr. 4 við Stórhólsveg, öll eftir sömu teikningu og lá hún fyrir, þá kom fram að stjórn B.V. hafði hugsað sér smá breytingar á uppdrættinum.

Samþykkt á fundi þann 14. sept. með áörnum breytingum.

*(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).*

Eigandi Birgir Sigurðsson. Útveggir úr steinsteypu, efsta plata úr timbri. Járnlætt valmaþak. Gólf, milliþlata, stigar og skilveggir úr steinsteypu. Neðri hæð skipt í 8 hólf auk uppgöngu á efri hæð. Efri hæð skipt með steinsteypu og timbur skilrúmum í 8 hólf. Stærð: 10,00 x 5,70 x 5,80 og 8,50 x 4,50 x 5,80. Alls 190,5 m<sup>2</sup>. og 552,4 m<sup>3</sup>.

*Stutt saga húss:*

Bjarkarbraut 13 er eitt af 4 húsum sem Byggingarfélag verkamanna sótti um byggingarleyfi fyrir í maí 1948, á lóðunum nr. 13 og 15 við Bjarkarbraut, nr. 8 við Goðabraut og nr. 4 við Stórhólsveg, öll eftir sömu teikningu eftir Halldór Halldórson. Það var svo Sigurður Kr. Ólafson sem tók við byggingu hússins eftir að leyfi fékkst til framkvæmda. Húsið er í fúnkis-stíl. Útveggir eru úr steinsteypu, efsta plata úr timbri. Járnlætt valmaþak. Gólf, milliþlata, stigar og skilveggir úr steinsteypu. Neðri hæð skipt í 8 hólf auk uppgöngu á efri hæð. Efri hæð skipt með steinsteypu og timbur skilrúmum í 8 hólf. Sigurður og kona hans Hulda Baldursdóttir bjuggu á efrihæð hússins en leigja neðrihæðina. Hulda býr þar áfram með börnum sínum eftir að Sigurður lést 1955. Þegar Helgi Indriðason kemur til Dalvíkur og fer að vinna hjá Kaupfélaginu sem rafvirki, leigir kaupfélagið kjallaranum á Bjarkarbraut 13 og það býr Helgi með fjölskyldu sína í tvö ár, meðan hann kemur sér upp húsi. Helgi var með rafverkstæði í einu herbergi í kjallaranum í nokkur ár eftir að hann flutti í sitt nýja hús. Á árunum 198? Til 199? Var verkalýðsfélagið Eining með skrifstofu í suð-austur herbergi í kjallaranum. Árið 1978 er húsið skráð eign Birgis, elsta sonar Sigurðar og Huldu og átti hann það til 1995 þegar hann seldi það Jóni Heiðari Sveinssyni og Bryndísi Brynjarsdóttur. Þau áttu húsið aðeins í tvö ár en seldu Halldóri Guðmundssyni og Ingileif Ástvaldsdóttur sem bjuggu það til 2008 þegar þau seldu Black Munke ehf. Íbúðalánasjóður eignaðist húsið 2012.



*Athugasemd um húsið:*

Húsið hefur haldið útliti sínu alla til fyrir utan lit. Það hefur verið vel byggt og vel við haldið. Meðan Jón og Bryndís áttu húsið var skipt um skólplögn undir því og drenað í kringum það. Ennfremur var útitröppum breytt þannig að í stað þess sem áður var að þrepin héldu beint áfram suður í garðinn voru þau látinn beygja í 90 gráður fyrir hornið og niður með suðurveggnum. Eftir að Halldór og Ingileif komu í húsið létu þau fara í þakið, fjarlægja torfeinangrun og dagblöð, aðallega Þjóðviljann, ofan að efra lofti og setja steinullareinangrun í staðinn. Strompur var brotinn og fjarlægður frá efri hæð og uppúr. Skipt var um járn á þakinu. Áður hafði verið búið að framlengja járníð út yfir steypu þakrennurnar og settar blikkrennur framan á þakkantinn. Þau létu skipta um öll laus fög í húsinu og setja verksmiðjugler í húsið allt. Það var Óli Viðar Hauksson trésmiður sem vann það verk. Það var steipt skýli fyrir olútank á norðvestur horni hússins, það var brotið niður og fjarlæggt.



Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess,

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar 750,0 m<sup>2</sup>. í eigu Dalvíkurbyggðar. Bjarkarbraut 13 er hornhús á mótum Bjarkarbraut og Sunnutúns. Malar bílaplan er norðan við húsið og malarplan við inngang á neðri hæð. Hellulögð stétt er frá götu að útitröppum sunnan við húsið. Skjólgirði er á lóðarmörkum við Bjarkarbraut og há reynitré í garðinum sunnan húss.

<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur, íbúar</b>	<b>Börn</b>
1948-1955 -1988?	<b>Sigurður Kr. Ólafsson</b> <b>Hulda Baldursdóttir</b>	Birgir (1931) Örn (1932) Rafn (1937) Verna (1937) Gísli (1939) Steinþór (1950)
1948-1953	Baldur Sigurðsson Stefanía Ármannsdóttir	
1956-1958	Helgi Indriðason Gunnhildur Jónsdóttir	Laufey (1951) Jóhanna (1953) Indriði (1954)
1958-1964	Kristján Þórhallsson Verna Sigurðardóttir	Hulda (1958) Sigurður Óli (1960)
1955-1995	<b>Birgir Sigurðson</b>	
1968-1969	Kristinn Guðmundsson	
1995-1997	<b>Jón Heiðar Sveinsson</b> <b>Bryndís Brynjarsdóttir</b>	
1997-2008	<b>Halldór Sigurður Guðmundsson</b> <b>Ingileif Ástvaldsdóttir</b>	
2008-2012	<b>Black Munke ehf</b>	
2012	<b>Íbúðarlánasjóður</b>	

**Bjarkarbraut 15. 1948** (Landnúmer: 151414 Fastanúmer: 2154703) bílskúr 1955.

*Fundargerð 22. maí 1948:*

Bréf frá stjórn Byggingarfélagi verkamanna þar sem félagið sækir um byggingarleyfi fyrir 4 einbýlishús á lóðunum nr. 13 og 15 við Bjarkarbraut, nr. 8 við Goðabraut og nr. 4 við Stórhólsveg, öll eftir sömu teikningu og lá hún fyrir, þá kom fram að stjórn B.V. hafði hugsað sér smá breytingar á uppdrættinum. Samþykkt á fundi þann 14. sept. með áörnum breytingum.



*(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).*

Eigandi Hjalti Þorsteinsson. Útveggir úr steinsteypu, efsta plata úr timbri. Járnlætt valmapak. Gólf, milliplata, stigar og skilveggir úr steinsteypu. Neðri hæð skipt í 8 hólf auk uppgöngu á efri hæð. Efri hæð skipt með steinsteypu og timbur skilrúmum í 9 hólf. Stærð: 10,00 x 5,70 x 5,80 og 8,50 x 4,50 x 5,88. Alls 190,5 m<sup>2</sup>. og 552,4 m<sup>3</sup>.

Bílskúr byggður 1957 úr timburgrind, asbestklæddur með pappklæddu valmaki. Stærð: 5,4 x 4,8 x 2,7 m = 25,9 m<sup>2</sup>. og 69,9 m<sup>3</sup>.

*Stutt saga húss:*

Bjarkarbraut 15 er eitt af 4 húsum sem Byggingarfélag verkamanna sótti um byggingarleyfi fyrir í maí 1948, á lóðunum nr. 13 og 15 við Bjarkarbraut, nr. 8 við Goðabraut og nr. 4 við Stórhólsveg, öll eftir sömu teikningu. Það var svo Hjalti Þorsteinsson sem tók við byggingu hússins eftir að leyfi fékkst til framkvæmda. Húsið er í fúnkis-stíl. Útveggir úr steinsteypu, efsta plata úr timbri. Járnlætt valmapak. Gólf, milliplata, stigar og skilveggir úr steinsteypu. Neðri hæð skipt í 8 hólf auk uppgöngu á efri hæð. Efri hæð skipt með steinsteypu og timbur skilrúmum í 9 hólf. Hjalti og kona hans Kristín Jóhannsdóttir bjuggu á efri hæð hússins alla sína tíð upp fá því en leigðu út íbúðina á neðri hæðinni. Árið 1996 keypti Ólafur Ragnarsson og Yrsa Hörn Helgadóttir húsið og selja það aftur Vigdís Klöru Aradóttur og Guido Werner Baumer árið 2001. Núverandi eigendur þau Gústaf Adolf Þórarinsson og Svala Gígja Magnúsdóttir keyptu húsið 2005.



*Athugasemd um húsið:*

Húsið hefur verið óbreytt í útliti alla tíð, gluggar eru upphaflegir en búið að skipta um gler. Á árunum milli 1990 og 2000 var farið í þakið. Skipt var um einangrun og sett 200 mm. steinull, einnig var skipt um sperrur og klæðningu vegna fúa sem kominn var í sperrur. Settur var pappi og nýtt þakjárn og var það látið ganga út fyrir steyptar þakrennur sem fyrir voru og settar nýjar þakrennur utan á þakkantinn sem var áður klæddur með timbri. Við þetta tækifæri var múrþípan brotin niður slétt við þak og fjarlægð. Nokkrar sprunguskemmdir voru á húsinu sem reynt hafði verið að laga með því að múra utan á veggina. Þessar aðgerðir höfðu ekki borið árangur og sprungurnar komu aftur í gegn. Það var svo 2011, eftir að Gústaf og Svala eignuðust húsið að farið var í miklar aðgerðir á útveggjum. Á veggina var límd 2ja tommu plasteinangrun frá sökkulveggjum og upp undir þakkant, síðan var sprautuð steinefni upp á plastið og þússað. Sett voru vatnsbretti inn í gluggasyllur. Á sama tíma var farið í að steypa sólpall í garðinum.

Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess.

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar er 750,0 m<sup>2</sup>. Í eigu Dalvíkurbyggðar. Bílskúr stendur aftan og ofan við húsið, sem byggður var 1957 úr timburgrind, asbestklæddur með pappaklæddu valmaðaki. Skúrinn teiknaði Hallgrímur Antonsson byggingameistari. Malar bílplan er ofan við húsið og framan við bílskúrinn. Hellulögð stétt liggur frá götu, að útitröppum framan við húsið. Stór steypdur pallur er sunnan við húsið sem tengist einnig útitröppunum. Lágur steypdur veggur er á lóðarmörkum fram við götu. Á lóðinni austan og sunnan húss eru hávaxin reynitré.

<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur, íbúar</b>	<b>Börn</b>
1948	<b>Byggingarfélagi Verkamanna</b>	
1949-1996	<b>Hjalti Þorsteinsson Kristín Jóhannsdóttir</b>	Rannveig (1942) Anna Bára (1947) Kristrún (1953)
1953?-1954	Torfi Guðlaugsson Bergþóra Bjarnadóttir	Svanur (1945) Ragnheiður E. (1948) Bjarni (1951)
1954-1963? 1954-1957	Anton Antonsson Freyja Antonsdóttir	
1957-1963	Reimar Alfreð Þorleifsson Guðlaug Sigríður Antonsdóttir	Dóróthea G. (1956) Anna Lilja (1959)
1963-1974 -1973	Jóhann Jónsson Anna Júlíusdóttir	Valdís (1924)
1963-1988?	Valdís Jóhannsdóttir	
1977-1981	Kristrún Hjaltadóttir	Guðrún Anna Óskarsdóttir (1979)
1996-2001	<b>Ólafur Ragnarsson Yrsa Hörn Helgadóttir</b>	
2001-2005	<b>Vigdís Klara Aradóttir Guido Werner Baumer</b>	
2005	<b>Gústaf Adolf Þórarinsson Svala Gígja Magnúsdóttir</b>	